

FRÆÐSLUNEFNDARFUNDUR HALDINN 20.11. 2017 Á  
KIRKJUBÆJARSTOFU

Fundur nr. 152

Mættir eftirtaldir nefndarmenn: Auðbjörg B. Bjarnadóttir (D), Þorsteinn M. Kristinsson (D) boðar forföll, Arndís Jóhanna Harðardóttir (Z) boðar forföll, Ragnheiður Hlín Símonardóttir (Ó) og Sverrir Gíslason (Ó).

Auðbjörg ritar fundargerð.

Formaður setur fund og býður alla velkomna.

Kirkjubæjarskóli á Síðu kl. 09:15 – 10:00

Mættir auk nefndarmanna: Guðbrandur Magnússon (fyrir foreldra Kirkjubæjarskóla), Linda Agnarsdóttir boðar forföll (fulltrúi kennara Kirkjubæjarskóla) í hennar stað kemur Karitas Kristjánsdóttir, Kjartan Kjartansson (skólastjóri Kirkjubæjarskóla).

1. Skóladagatal.

Fræðslunefnd staðfestir breytingu á skóladagatali í samræmi við tillögu skólastjóra.

2. Bréf frá foreldrafélaginu – varðandi skólaferðalag að Reykjum í Hrútafirði.

Skólastjóri greinir stuttlega frá hugmyndinni, að öllu jöfnu yrði farið annaðhvort ár, en næstu tvo ár í röð. Núna er um að ræða árganga 2004 og 2005. Dvölin er frá mánudegi til föstudags, a.m.k tveir frá starfsliði skólans myndu fara með nemendum. Nemendur hafa sjálfir haft frumkvæði að því að safna fyrir dvalarkostnaði.

Fræðslunefnd fagnar frumkvæðinu og er skólastjóri hvattur til að hafa þetta í huga við fjárhagsáætlunargerð sem og að kynna sér hvernig fyrirkomulagi er háttað hjá öðrum skólum.

3. Upplýsingaflæði á milli heimilis og skóla.

Fræðslunefnd leggur til að skólastjóri móti reglur sem snúi að samskiptum skóla og heimilis, stefnt að því að reglur liggi fyrir ekki seinna en á nýju skólaári.

4. Önnur mál

a)Skólastjóri óskar að eftirfarandi verði bókað: „Skólastjóri beinir því til sveitarstórnar að finna lausn á hitastjórnun innan skólahúsnæðis“.

b)Formaður minnir á að starfsáætlun og skólanámsskrá þarf að staðfesta árlega – í síðasta lagi í október ár hvert.

Heilsuleikskólinn Kæríbær kl 10:00 – 10:30

Mættir auk nefnarmanna: Linda Ösp Gunnarsdóttir (fyrir foreldra Kærabæjar),  
Guðrún Sigurðardóttir (skólastjóri leikskólans)

1. Staða mála varðandi rými leikskólans og fjölda leikskólabarna.

Guðrún Sigurðardóttir leikskólastjóri greinir frá gangi mála, hefur fundað nokkrum sinnum með leikskólaráðgjafa, byggingarfulltrúa, sveitarstjóra og fleiri aðilum. Unnið er að því að finna útfærslu á stækkun leikskólans og í framhaldinu verði tillögur mótaðar og bornar undir fræðslunefnd og sveitarstjórn. Fræðslunefnd leggur áherslu á að unnið verði að lausn hratt og vel.

2. Önnur mál

- a. Guðrún greinir frá því að búið sé að ráða Auði Hafstað í afleysingar.
- b. Leikskólastjóri greinir frá því að það er búið að vera mikið álag undanfarið á starfsfólki leikskólans.
- c. Starfsmannamál: Fyrirséð að tveir starfsmenn dragi úr starfshlutfalli eftir áramót. Leikskólastjóra falið að auglýsa eftir nýju starfsfólki við fyrsta tækifæri.
- d. Formaður minnir á að starfsáætlun og skólanámsskrá þarf að staðfesta árlega – í síðasta lagi í október ár hvert.

Tónlistarskóli 10:30 – 11:0

Mættir auk nefndarmanna: Einar Melax ( skólastjóri tónlistarskólans) – boðar forföll.

1. Málefni tónlistarkólans

Fundargerð er tölvuskráð og er 2 blaðsíður (bls. 11- ).

Fundarritari: Auðbjörg B. Bjarnadóttir

Auðbjörg B. Bjarnadóttir (sign)

Ragnheiður Símonardóttir (sign)

Sverrir Gíslason (sign)